

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	21.10.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Málning hf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Dalvegi 18	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4502694849	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gísli Guðmundsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	360217,744 403405,653

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar að lekavarnir vantar undir ammoliákslausn á útisvæði. Gerðar eru fjórar athugasemdir í eftirlitinu er varða rusl í lekavarnarþró á útisvæði, rusl sem safnast hefur saman við olíuskilju, vöntun á lekavörn á geymsluþlani þar sem geymdir eru efnabambar og staðsetningu efnabamba þétt við girðingar svo óviðkomandi hafa aðgang að krönum bambanna.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir endurnýjað starfsleyfi sem gefið var út þann 20. júní 2016 og minnt á skiladaga skv. því.

Engar breytingar hafa orðið á rekstinum frá síðasta eftirliti utan endurnýjun búnaðar sem kominn var á tíma. Allt vinnsluferlið er óbreytt.

Minnt var á að skv. gr. 1.9 í starfsleyfi ber rekstraraðili ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfseminnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. Í því samhengi var rætt um ábyrgð rekstraraðila á því að krefjast kvittanna vegna hverskonar úrgangslausunar og fylgja því eftir að verktakar og móttökuaðilar séu með starfsleyfi fyrir sinni starfsemi.

Umhverfisstefna fyrirtækisins er birt á heimasíðu þeirra og er megin markmið hennar að minnka sóun og leitast við að efla umhverfisvitund starfsmanna. Minnt er á að skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal endurskoða umhverfismarkmiðin á a.m.k. fjögurra ára fresti. Áhugi er hjá rekstraraðila að taka upp svansmerki fyrir vörur sínar en umhverfisstjórnunarkerfi er ekki til staðar.

Þjálfun verkstjóra er skv. ákveðnu skipulagi og fara þeir á verkstjóranámskeið þar sem tekið er á meðferð spilliefna og bílstjórar hafa ADR réttindi Vinnueftirlitsins. Öryggisblöð eru til staðar, en ekki öll á íslensku.

Minnt var á að tilkynna þarf öll mengunaróhöpp skv. gr. 2.7 í starfsleyfi en engin óhöpp eða mengunarslys hafa orðið frá síðasta eftirliti. Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila né rekstraraðila frá síðasta eftirliti en Heilbrigðiseftirlitið hefur hefur fengið til sín kvartanir vegna rusls sem safnast hefur fyrir á baklóð fyrirtækisins.

Áhættumat og viðbragðsáætlun eru til staðar sem og trygging vegna bráðamengunar hafs- og stranda.

Áfyllingarplan er malbikað og þar er niðurfall sem tengt er við olíuskilju. Að jafnaði er fyllt á terpentínutank einu sinni í mánuði en xylen tank 2-3 sinnum á ári. Steypt lekavarnarþró er um xylen og terpentínutankana. Loki í þrónni stóð lokaður og stóð rigningarvatn í henni. Þróin var hins vegar óhrein og í henni mikið af dóti sem ekki er æskilegt að sé þar. Á útiplani upp við verksmiðjuhúsið stóðu 8 stk. 20L ammoníaksbrúsar á trébretti án lekavarnar.

Felligeymar vegna frárennslis eru tæmdir 2-4x á ári, eftir þörfum sem og oliuskiljan. Er það gert af verktaka og ferðirnar skráðar. Allur úrgangur er flokkaður og kemur flokkunin fram í grænu bókhaldi fyrirtækisins. Spilliefni eru sótt af Efnamóttökunni en annað sorp af Hringrás.

Hávaðamæling skv gr. 3.13 og 4.2 var síðast gerð þann 3. des 2015 af Eflu verkfræðistofu og voru niðurstöður hennar innan marka hávaðarreglugerðar nr. 724/2008.

Gengið var um útisvæði og það skoðað. Geymsluport og svæði fyrir hráefnistanka er afgirt og aðgangur heftur. Einnig var gengið um verksmiðjuna og hún skoðuð. Engin niðurföll eru sjáanleg fyrir utan niðurföll við innkeyrslur og er það leitt í setþró.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Lekavörn (t.d. lekabytta) skal vera til staðar fyrir geymslu ammóníaks á útisvæði. Á útisvæði stóu 8 stk. 20L ammoníaksbúsar á trébretti en engin lekavörn var undir þeim.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við lekavarnarþró á útisvæði. Í þrónni er mikið af rusli og drasli sem ekki er æskilegt að haft sé í þrónni. Rýrir það lekarými hennar og torveldar hreinsun úr þrónni fari spilliefni niður í hana. Gerð er krafa um að þróin sé hreinsuð og að í henni sé ekkert sem torveldi umgengni eða rýri lekarýmnd hennar.

Athugasemd er gerð við geymsluplan utandyra. Þar eru geymdir efnabambar en engin lekavörn er á planinu og komi rof á bambana þá á innihaldið greiða leið niður í niðurfall sem staðsett er í plani utan girðingar og þaðan í regnvatnskerfi bæjarfélagsins. Gerð er krafa um að lekavörn verði komið fyrir á planinu t.d. með því að steypa kant við enda plansins til að varna því að efni leki niður á næsta plan og þaðan í niðurfallið eða með öðrum leiðum sem eftirlitsaðili samþykkir.

Athugasemd er gerð við að efnabambar sem geymdir eru á útiplani snúa þannig að auðvelt er að ná í kranana utan girðingar og opna þá. Snúa þarf bömbunum þannig að óviðkomandi geti ekki átt við kranana.

Athugasemd er gerð við rusl sem liggur við olíuskilju, halda skal svæðinu snyrtilegu og gerð er krafa um að svæðið sé hreinsað sem allra fyrst.

### ANNAÐ

Minnt er á að mæla þarf ryk í útblæstri fyrir árslok 2017 skv. gr. 3.5 og 4.3 í starfsleyfi og þar eftir á minnst fjögurra ára fresti.

Rekstraraðili hefur fengið undanþágu til notkunar á metylenklóríði til ársins 2018 en notkun þess hefur verið bönnuð frá því í desember 2011.

Rekstraraðili sótti um minnkað eftirlit árið 2007 og hefur fengið eftirlit annað hvert ár frá þeim tíma en með endurnýjun leyfisins fellur sú heimild sjálfkrafa niður og var rekstraraðila bent á að sækja þarf um að nýju til eftirlitsaðila, sé vilji til að óska eftir minnkuðu eftirliti.

Viðstaddur eftirlitið var Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Reykjavík, 11.11.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir